

Skýrsla til sveitarsjórnar frá sveitarstjóra, skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins

Janúar 2018

Markmiðið með samantekt þessari er að efla upplýsingaflæði milli stofnana sveitarfélagsins, til sveitarstjórnar og til íbúa. Sveitarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn skrifstofu taka saman helstu verkefni liðins mánaðar auk þess að gera grein fyrir áætluðum verkefnum komandi mánaðar. Það er von okkar að með þessu náist að varpa meira ljósi á það sem er í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma og hvað er framundan. Hver og einn starfsmaður vinnur sinn part skýrslunnar og er engu breytt, því getur formið verið breytilegt.

Frá sveitarstjóra – Andrea K. Jónsdóttir

Auk venjubundinna daglegra starfa voru verkefni sveitarstjóra helst þessi í janúar: Mánuðurinn var frekar rólegur hvað ferðalög varðar og er það gott enda færð oft leiðinleg. Töluvert hefur verið að gera í kringum BsVest þar sem var verið að undirbúa stjórnarfund og framkvæmdastjórafund í tengslum við úrsögn Ísafjarðar úr byggðasamlaginu. Við áttum fund með jöfnunarsjóði þar sem upplýsingar verkefnastjóra BsVest voru staðfestar, þ.e. um skiptingu fjármuna til BsVest annarsvegar og Ísafjarðar hinsvegar, eftir að Ísafjörður er genginn úr BsVest. Reikna má með töluverðri vinnu framundan í tengslum við BsVest. Jónas sýslumaður kom við á skrifstofunni, færði okkur skilti og ræddi möguleika í húsnæðismálum. Kristján og Haraldur frá KPMG komu til fundar í tengslum við komandi ársreikningavinnu og til að fara yfir ýmis mál. Fjarfundur var í svæðisskipulagsnefnd og komu fulltrúar Strandagbyggðar til fundar hér á skrifstofu sveitarstjóra, nú er svæðisskipulagstillaga Strandabyggðar, Reykhólahrepps og Dalabyggðar í auglýsingu og er frestur til athugasemdar til 1. mars 2018. Töluverð samskipti voru fyrri hluta janúar við OV vegna þar sem óskað er eftir að Strandabyggð gefi út yfirlýsingu til Orkubús Vestfjarða varðandi skilning á ákvæðum samnings Orkubúsins og hreppsnefnda Snæfjalla- og Nauteyrarhreppa frá árinu 1979. Að fengnum ráðleggingum frá lögmanni okkar þá var sent svar þess eðlis að ekki væri unnt að veita umbeðna yfirlýsingu. Bakhópur um hitaveitu fundaði í janúar með Braga frá Stoð þar sem fram komu miklar og góðar upplýsingar sem hvetja okkur til að halda áfram við undirbúning hitaveituframkvæda. Síðar í mánuðinu kom Kjartan Hauksson kafari til fundar við mig og Maríu Maack verkefnastjóra sem heldur utanum hitaveituverkefnið okkar og þar komu jafnframt fram ýmsar góðar upplýsingar. María heldur áfram undirbúningsvinnu vegna hitaveitu. Ofantaldið auk venjubundinna daglegra starfa fyllti líðandi mánuð.

Frá forstöðumanni áhaldahúss – Sigurður M Þorvaldsson

Í janúar komu land 124 tonn af landbeitri línu og 240 tonn komu með bílum af rækju fyrir Hólmadrang, eins komu 150 tonn af salti með skipi fyrir Hólmadrang. Stóra hafnavoginn bilaði og kom maður frá Reykjavík til þess að gera við hana og er hún komin í lag, en þarfnast meiri lagfæringa í sumar. unnið hefur verið töluvert við tækjabíl slökkviliðsins við smíðavinnu og breytingar. annars hefur janúar verið frekar rólegur en höfum verið í hinum ýmsu smá verkefnum fyrir stofnanir sveitarfélagsins.

Frá félagsmálastjóra – María Játvarðardóttir

Undirrituð sótti fræðsludag hjá Barnaverndarstofu 11. janúar. 29. janúar var fundur Barnaverndar á Borðeyri. Í janúar eru unnar skýrslur fyrir Hagstofu, þær skýrslur eru um heimaþjónustu og fjárhagsaðstoð. Í janúar eru einnig endurnýjaðir samningar við stuðningsfjölskyldur fyrir fatlaða. Hálfsmánaðarlega eru fundir nemendaverndarráðs á Hólmavík. Annars voru störf hefðbundin.

Frá slökkviliðsstjóra – Einar Indriðason

Helstu verkefni í janúar hafa snúið að skólanum, en flest af okkar fólki er byrjað eða að byrja í náminu og nokkrir ætla að taka próf í febrúar. Nokkur tími hefur farið í samskipti við mannvirkjastofnun vegna námsins og okkur finnst undirbúningur ekki góður hjá stofnuninni. Unnið hefur verið að endurbótum á innréttingu í tækjabílum okkar, en fyrirkomulag og festingar á þeim búnaði sem er í bílum hefur ekki verið í lagi en er nú komið í gott lag. Æfing var haldin þann 20. og gekk vel. Fleira var ekki á dagskrá hjá okkur í síðasta mánuði.

Frá skólastjóra – Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Kennsla hófst að loknu jólafrí miðvikudaginn 3. janúar.

Lýðheilsudagur Umhverfisnefndar Grunnskólans og Íþróttamiðstöðvar var haldinn 17. janúar og hófst með stuttum fróðlegum fyrirlestrum í Félagsheimilinu og kynningu fyrirtækja í heimabyggð á hollustuvarningi. Kynnt var val á íþróttamönnum ársins í Strandabyggðar. Að því loknu færðist fjörið yfir í Íþróttamiðstöð þar sem nemendur sýndu listir sínar og léku sér með foreldrum.

Nemendur í 5. – 7. bekk fóru í skíðaferð á Sauðárkrók dagana 18. –19. janúar og fengu skíðakennslu í Tindastóli og heimsóttu Árskóla á Sauðárkróki.

Nemendur í 10. bekk fóru í starfs- og skólakynningu 22. – 26. janúar og skiptust á að fara á Sauðárkrók, Ísafjörð og til Reykjavíkur. Nemendur í 9. bekk fóru þá einnig í tvo daga í starfskynningu á heimaslóð. Alls staðar var vel tekið á móti þeim bæði heima og heiman og við erum afar þakklát fyrir það.

Birkir Þór Stefánsson var í upphafi mánaðar ráðinn í starf skólabilstjóra. Þeir Unnsteinn Árnason voru ráðnir í dagvinnu á bókasafninu og Lára Jónsdóttir til að sjá um kvöldopnun á þriðjudögum frá 19:30 – 20:30.

Jóhanna Guðbjörg Rósmundsdóttir stuðningsfulltrúi við Grunnskólann á Hólmavík og nemi í grunnskólakennarafræðum við Háskóla Íslands var ráðin til umsjónarkennslu í 5. – 7. bekk og tekur alfarið við því starfi 15. febrúar nk.

Frá forstöðumanni Íþróttamiðstöðvar – Birna Karen Bjarkadóttir

Klórstöð fyrir barnalaug lekur og skipt var um þéttingu á tveimur stöðum. Klórstöð var tekin af vegg og var yfirfarin. En einnig var skipt um plastlok efst á stöðinni en það var brotið og lak framhjá, þetta lok heldur flæðiskynjara og klórnama á sínum stað.

Gufubað hefur verið til vandræða síðastliðnar vikur, gufan náði aldrei ósk hita og var því alltaf í kaldara lagi, mælt var hitastig frá varmaskipti og var það frekar kalt vatn sem varmaskiptirinn skilaði frá sér. Skipt var því um varmaskipti og hitnaði þá gufan vel. En þá kom í ljós að hitaskynjari sem gefur segulloka skipun að loka fyrir þegar gufa er orðin nægilega heit var bilaður og hitnaði því gufan of mikið. Skipt var um hitaskynjara og virkar nú gufubaðið eins og það á að gera.

Gerð var yfirferð á spíssum í gufubaði en flestir voru orðnir ónýtir og var því skipt um þá.

Villumelding kemur á þrýstimæla inni Kyndistöð, það kom rafvirki og kíkti á mælana og er með málið í athugun.

Mikil hitasveifla er á vatni sem kemur frá hitatúpu, en vatnið sveiflast á ca mínútu fresti upp og niður um 15°, sem er töluverð hitasveifla. Rafvirkin er einnig með málið í athugun, en hann heldur að þetta sé tæknilegt vandamál og sé stillingaratriði á túpunni. En hann ætlaði að finna út úr því.

Það kom ábending frá viðskiptarvini í sambandi við það að þörf væri á að hafa lausan sturtuhaus í klefum svo auðveldara sé að baða sig fyrir sundferðir. Búið er að setja upp sitthvoran hausinn í klefana. En þetta gerir fólki sem til dæmis er bundið við hjólastól auðveldara með þrif áður en haldið er til laugar.

Gamlar myndir frá íþróttastarfi HSS hafa verið hengdar upp á vegg á gang Íþróttamiðstöðvarinnar, en myndirnar hafa vakið mikla lukku hjá viðskiptarvinum.

Þann 17. Janúar var Lýðheilsudagur Íþróttamiðstöðvarinnar og Umhverfisnefnd Grunnskólans haldin. Dagurinn byrjaði í Félagsheimilinu kl 17:00, en fram komu fjórir fyrirlesarar og einnig var vörukynning á hinum ýmsu hollustu vörum, og allt úr heimabyggð. Tilkynnt var um íþróttamann Strandabyggðar 2017, en titillinn hlaut Jón Eðvald Haldórsson, hvatningarverðlaun hlaut Hilmar Tryggvi Kristjánsson.

Salernishús gömul verðskrá á heimasíðu og hús töluvert dýrara, verið er að athuga með hús frá öðrum framleiðendum.

Frá skrifstofustjóra – Salbjörg Engilbertsdóttir

Desember

Ég var í frí til 6. desember en þegar því lauk tóku við venjubundin störf. Fjárhagsáætlun var samþykkt í seinni umræðu 12. desember. Ég var á námskeiði í DK kerfinu 13., 14. og 19. desember og tók frí 20. og 21. desember. Annars gekk mánuðurinn eins og venjulega við færslu bókhalds, afstemmingar, laun og innheimtu.

Janúar

Ég lagðist í flensu fyrstu vikuna í janúar en að öðru leiti hef ég verið í vinnu. Bókhaldsvinna og launauppgjör, launamiðar og afstemmingar voru aðal viðfangsefnin.

Félagsheimili

Desember

Grunnskólinn sýndi leikritið Jóladaðatalið tvisvar sinnum en einnig voru haldin hin hefðbundnu Litlu jól og jólaball. Foreldrafélagið var með piparkökumálun og ungmennapening var haldið um miðjan des. Félagsheimilið fékk gefna ríflega 150 bollapör frá Kvenfélaginu Glæður og Lionsklúbbi Hólmavíkur og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Bæði félögin hafa fengið afhent þakkarskjal.

Janúar

Leikfélagið var með fjögurra kvölda leiklistarnámskeið og Lýðheilsudagurinn var haldinn 17.janúar en þar fluttu heimamenn og gestir fróðlega fyrirlestra um heilsu og hreyfingu. Þorrablótið var haldið 27.janúar og erfidrykkja var snemma í janúar. Tiltekt var gerð í byrjun ársins og reynt að gera pláss fyrir geymsluskáp f. félagsmiðstöð/frístund í rafmagnstöfluherbergi. Smávægilegrar breytingar voru gerðar í eldhúsi, sett upp hilla og raðað í skápa.

Frá leikskólastjóra – Alma Benjamínsdóttir

Í þessum mánuði voru smá mannbreytingar. Laufey Heiða Reynisdóttir byrjaði 2. janúar í 100% vinnu á yngri deildinni. Hjördís Inga Hjörleifsdóttir kom aftur til starfa 2. janúar í 100% starf sérkennslustjóra. Barbara Guðbjartsdóttir var að sinna afleysingum í fjarveru Hjördísar en lauk störfum þann 10. jan.

2.janúar var starfsdagur í leikskólanum. Verkefni dagsins voru Deildarfundir, starfsmannafundur, hópnum skipt upp í vinnuhópa þar sem var unnið að verkefnum annars vegar í málörvun barna og hins vegar í átthaga og orkuþema í skólar á grænni grein. Einnig vann ræstitæknir allan daginn við sérstök þrif á húsinu.

Þrjú börn voru aðlöguð inn á yngri deild í mánuðinum. Þar af var eitt níu mánaða og er það fyrsta barnið sem byrjar á þeim aldri eftir að aldursviðmiðum var breytt.

Símenntun: Hjördís fór á námskeið í notkun íslenska málhljóðamælisins.

Daglegt starf leikskólans gekk með ágætum. Vasaljósadagur var 8. janúar. Ömmum og öfum var boðið í síðdegishressingu 12. janúar og þorrablót var haldið 19. janúar.